



Kópavogsbær

Framkvæmdaleyfi Suðurlandsvegur frá Fossavöllum að Lögbergsbrekku

Greinargerð bæjarstjórnar Kópavogs
með framkvæmdaleyfi

29. apríl 2022



Efnisyfirlit

1	Um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar	1
2	Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi	2
2.1	Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar	2
3	Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar	3
3.1	Matsskýrsla Vegagerðarinnar	3
3.2	Álit Skipulagsstofnunar	3
3.2.1	Áhrif á samfélag - Umferðaröryggi	3
3.2.2	Áhrif á vatnsból	4
3.2.3	Áhrif á hljóðvist	4
3.2.4	Áhrif á útivist	5
3.2.5	Áhrif á jarðmyndanir og náttúruminjar	5
3.2.6	Áhrif á vatnafar	5
3.2.7	Áhrif á gróður	6
3.2.8	Áhrif á fugla	6
3.2.9	Áhrif á vatnalíf	6
3.2.10	Áhrif á fornminjar	7
3.2.11	Áhrif á landslag og sjónrænir þættir	7
4	Forsendur ákvörðunar	8
4.1	Lagaleg umgjörð	8
4.2	Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040	8
4.3	Náttúruvernd	8
4.3.1	Grenndarkynning leyfis	9
4.4	Önnur leyfi	9
4.5	Samþykki landeigenda	9
4.6	Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum	9



1 Um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur farið yfir umsókn Vegagerðarinnar, dags. 27. maí 2021, um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurlandsveg, frá Fossavöllum að Lögbergsbrekku, í samræmi við 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum¹ og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn og skipulagsráð Kópavogsbæjar hafa farið yfir gögn framkvæmdaleyfisumsóknar og telja að:

1. Framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og framkvæmd er sú sem lýst er í matsskýrslu.
2. Hönnunargögn séu fullnægjandi.
3. Nauðsynleg leyfi liggja fyrir, þ.e. starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
4. Samþykki landeigenda liggja fyrir, þ.e. forsætisráðuneytisins.
5. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040.
6. Matskýrsla Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar séu fullnægjandi til að taka afstöðu til umhverfisáhrifa valkosta. Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
7. Fullnægjandi gögn liggja fyrir til að bæjarstjórn geti tekið rökstudda afstöðu til leyfisumsóknar Vegagerðarinnar.

Það er niðurstaða bæjarstjórnar að veita framkvæmdaleyfi fyrir Suðurlandsvegi frá Fossavöllum að Lögbergsbrekku. Í undirbúningi að ákvörðun hefur m.a. verið litið til forsendna fyrir framkvæmd, umhverfisáhrifa valkosta, litið til möguleika til að draga úr umhverfisáhrifum, samræmis við aðalskipulag Kópavogsbæjar, álits Skipulagsstofnunar og úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála². Við afgreiðslu umsóknar hefur verið gætt að ákvæðum laga um náttúruvernd, annarra laga og reglugerða sem eiga við.

Bæjarstjórn telur að það sé brýn nauðsyn að ráðast í breikkun Suðurlandsvegur. Sú nauðsyn felst í auknu umferðaröryggi. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdar í Kópavogi verða á hljóðvist og ákveðin hættu er vegna framkvæmda sem fara fram innan vatnsverndarsvæðis.

Leyfi fyrir Suðurlandsvegi byggir m.a. á því að í framkvæmdaleyfið verði settir skilmálar um mótvægisáðgerðir og vöktun sem koma fram í matskýrslu, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar til að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig að frágangur verði eins og lýst er í umsókn Vegagerðarinnar.

Í þessari greinargerð er yfirlit um helstu forsendur og viðfangsefni sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar lítur til við ákvörðun um framkvæmdaleyfið. Í afgreiðslu sveitarfélagsins er m.a. litið til skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, laga nr. 80/2012 um menningarminjar og vegalög nr. 80/2007.

¹ Í samræmi við bráðabirgðaákvæði nr. 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

² Úrskurður [nr. 172/2021](#) Suðurlandsvegur.



2 Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi

2.1 Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar

Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar innan marka Kópavogsbæjar. Samkvæmt umsókninni eru markmið framkvæmdarinnar að:

- Auka umferðaröryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar með því að aðskilja akbrautir og fjölga akbrautum.
- Breyta vegfláum og öryggissvæðum og draga úr líkum á bílveltum og árekstrum og þar með hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar eru:

- Afstöðumynd í mælikvarða 1:10.000, sem sýnir m.a. staðhætti, legu framkvæmda, tengivega og gatnamóta og umfang fyllinga.
- Framkvæmdalýsing, dags. júlí 2021, þar sem:
 - Framkvæmdaþáttum er lýst.
 - Gerð er grein fyrir magni af jarðefnum sem þarf til framkvæmdanna og efnistöðustöðum.
 - Gerð er grein fyrir frágangi framkvæmdasvæða og mótvægisáðgerðum.
 - Gerð er grein fyrir framkvæmdatíma.
- Matsskýrsla Vegagerðarinnar frá júní 2009 ásamt fyrirliggjandi rannsóknum.
- Áhættumat vatnsverndar, dags. maí 2021, unnið af Hnit verkfræðistofu, Kanon arkitektum og Raftákni.

Auk þess liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, dags. 9. júlí 2009.

Fyrirliggjandi gögn eru í samræmi við þær kröfur sem koma fram í skipulagslögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



3 Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar

Eftirfarandi er rökstudd afstaða bæjarstjórnar til mats á umhverfisáhrifum og álits Skipulagsstofnunar dags. 9.7.2009.

3.1 Matsskýrsla Vegagerðarinnar

Kópavogsbær tekur undir það álit Skipulagsstofnunar að matsskýrsla Vegagerðarinnar uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrifum, valkostum og mótvægisaðgerðum er lýst á fullnægjandi hátt, ásamt því að gerð er grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust og þeim svarað á fullnægjandi hátt.

Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi er í fullu samræmi við framkvæmd sem kynnt var í matsskýrslu Vegagerðarinnar. Yfirlitsmynd og framkvæmdalýsing í umsókn um framkvæmdaleyfi eru m.a. í samræmi við mynd 3-2 í matsskýrslu um kennisnið 2+2 Suðurlandsvegur, tvöföldun verði norðan við núverandi veg og legu undirganga fyrir reiðleið í samræmi við teikningu nr. HVT8-018 í matsskýrslu. Efnisþörf er mætt með efni úr námum sem hafa leyfi.

3.2 Álit Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí 2009 um mat á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Umræddur vegkaflí sem sótt er um leyfi fyrir er tiltölulega stuttur og er umfjöllun í álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu í samræmi við það.

Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um alla umhverfisþætti til skoðunar. Bæjarstjórn tekur undir mat Skipulagsstofnunar á áhrifum. Í álit sínu á heildarframkvæmdum eru veigamestu áhrifin á nútímahraun og búsvæði fugla. En einnig verða að mati Skipulagsstofnunar talverð neikvæð áhrif á gróður, landslag, fornminjar og útivist. Þá telur Skipulagsstofnun að talsverð áhrif geti orðið á vatnsból ef mengunarslys verði á framkvæmdatíma. Kópavogsbær hefur því farið sérstaklega yfir ofangreinda umhverfisþætti við ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn telur að álit Skipulagsstofnunar sé í samræmi við matsskýrslu Vegagerðarinnar og fullnægjandi til að hægt sé að taka ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

3.2.1 Áhrif á samfélag - Umferðaröryggi

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur ljóst að með því að tvöfalda veginn og aðskilja aksturstefnur sé dregið úr líkum á því að ökutæki úr gagnstæðri átt lendi saman, sem teljist verulega jákvæð áhrif þar sem slík slys séu algengari á Suðurlandsvegi en öðrum þjóðvegum landsins og teljist til alvarlegustu slyssanna sem verða.

Út frá framlögðum gögnum metur Skipulagsstofnun að óháð kostum sem lagðir eru fram um tvöföldun Suðurlandsvegur, þá hafi þeir allir jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Stofnunin telur sig hins vegar ekki hafa forsendur til að leggja mat á hver kostanna sé bestur m.t.t. umferðaröryggis.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir komi til með að hafa veruleg jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Markmiðið með þeirri framkvæmd sem veita á nú framkvæmdaleyfi fyrir í landi Kópavogs er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari umferð. Þessu markmiði verður m.a. náð með tvöföldun vegarins og aðskilnað aksturstefna með miðdeili. Einnig má þess geta að af öryggisástæðum verður ekki leyfð vinstri beygja við gatnamót Suðurlandsvegur að og frá Waldorfskóla eins og nú er, sem er í samræmi við stefnu í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.



Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi fyrir tengivegi, sem er ekki hluti af þessari umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi. Tilgangur þeirrar framkvæmdar er að tryggja öruggar tengingar við Lækjarbotnaland og tengivegur frá fyrirhuguðum gatnamótum við Geirland að núverandi vegi að Waldorfskólanum. Unnið er að afgreiðslu þeirrar leyfisumsóknar.

3.2.2 Áhrif á vatnsból

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að þar sem framkvæmdasvæðið er að mestu innan vatnsverndarsvæða (grannsvæðis og fjarsvæða A og B) sé mjög mikilvægt að á framkvæmdatíma sé unnið í góðu samstarfi við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Skipulagsstofnun telur að vel sé greint frá mögulegum mengunarvörnum. Stofnunin telur mjög mikilvægt að við útboð verksins hafi verið tekin ákvörðun um að samhliða tvöföldun vegarins verði unnið að framkvæmd mengunarvarna til samræmis við þær mögulegu varnir sem greint er frá í matsskýrslu. Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni að komi til mengunaróhappa á meðan framkvæmdum standi geti áhrif á vatnsból orðið talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að breytingar á Suðurlandsvegi séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn á rekstrartíma.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála áliti Skipulagsstofnunar um að mesta hættan á mengunaróhappi sé á framkvæmdatíma, en óveruleg hættan sé á rekstrartíma vegarins. Bæjarstjórn tekur jafnframt undir mikilvægi mengunarvarna og að unnið verði að framkvæmd mengunarvarna samhliða tvöföldun þess vegkafla sem veita á nú framkvæmdaleyfi fyrir í landi Kópavogs með áherslu á gott samstarf við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Vegagerðin leggur fram áhættumat vatnsverndar, dags. 2021, og hefur þannig uppfyllt tilmæli Skipulagsstofnunar. Í áhættumatinu er gerð grein fyrir mengunarvörnum, viðbragðsáætlunum og lýsing á starfsreglum verktaka.

Bæjarstjórn telur að verði fylgt því verklagi sem greint er frá í áhættumati verði framkvæmdir ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn, hvorki á framkvæmdatíma eða rekstrartíma. Hluti af aðgerðum til að lágmarka mengunarhættu á framkvæmdatíma er m.a. að tryggja fullnægjandi ástand vinnutækja, fullnægjandi innra og ytra eftirlit og að verktakar þekki viðbrögð við óhappi á vatnsverndarsvæðum. Gerðar verða þær kröfur til verktaka að þeir fylgi gildandi lögum og reglugerðum varðandi meðhöndlun á olíu og öðrum spilliefnum. Kópavogsbær hefur lagt fram ákveðið verklag við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum og telur mikilvægt að verktaki taki mið af því.

3.2.3 Áhrif á hljóðvist

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að áhrif af gerð 2+1 og 2+2 vegar í þröngu sniði verði fremur lítil og innan viðmiðunarmarka. Hávaði mun aukast í nágrenni Geirlandsvegamóta við það að vegurinn verður breikkaður í 4 akreinar ef gert er ráð fyrir miðdeili og með hækkun vegstæðisins við Lækjarbotna.

Skipulagsstofnun telur að miðað við núverandi landnotkun í nágrenni Suðurlandsveggar þá verði heildaráhrif á hljóðstig ekki verulega neikvæð. Það breyti því ekki að áhrif á einstaka hús við Geirlandsvegsmót mun miðað við umferðarspá 2020 breytast lítillega til hins verra verði 2+2 vegur lagður í víðu snið og bendir Vegagerðinni á að mikilvægt er ákvæði um viðmiðunarmörk í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða séu virt.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála áliti Skipulagsstofnunar um að mikilvægt sé að ákvæði um viðmiðunarmörk í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða séu virt eða undir 55 dB(A). Hljóðstyrkur frá umferð í nágrenni



Þeirrar framkvæmda sem hér er sótt um er innan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða. Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum miðað við fyrirbyggjandi gögn.

3.2.4 Áhrif á útivist

Álit Skipulagsstofnunar

Í álit Skipulagsstofnunar er ekki fjallað sérstaklega um þann hluta sem tengist umsókn um framkvæmdaleyfi.

Afstaða bæjarstjórnar

Ekki þörf á að taka sérstaka afstöðu til þessa umhverfispáttar.

3.2.5 Áhrif á jarðmyndanir og náttúruminjar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi bein neikvæð áhrif á nútímahraun sem njóta verndar 37. gr. náttúruverndarlaga [sambærileg og 61. gr. núverandi náttúruverndarlaga]. Nýlagning vegarins á þessum hraunum verður samsíða núverandi vegi og rask á hrauni ræðst af því hversu breið veglínan kemur til með að verða. Þannig verður miklu meira rask á hraunum vegna 2+2 vegar og mislægum vegamótum sem honum fylgja, heldur en vegna 2+1 vegar eða 2+2 vegar í þröngu sniði. Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni að tvöföldun Suðurlandsvegar með mislægum vegamótum muni hafa verulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir vegna umfangsmiklar röskunar á nútímahrauni og þar með neikvæðum áhrifum á náttúruminjar, þ.e. Svínahraun. Bein áhrif framkvæmdarinnar á náttúruvættið Tröllabörn verða ekki veruleg að mati Skipulagsstofnunar. Stofnunin telur að áhrif vegna 2+2 vegar í þröngu sniði muni hafa nokkur neikvæð áhrif, en áhrif 2+1 vegar muni ekki verða verulega neikvæð á jarðmyndanir.

Afstaða bæjarstjórnar

Tekið er undir álit Skipulagsstofnunar um áhrif framkvæmda innan marka Kópavogs á jarðminjar verði óveruleg og þar skiptir miklu máli að friðlýsta náttúruvættið Tröllabörn, sem er sunnan Suðurlandsvegar, verði ekki fyrir áhrifum. Sá hluti Suðurlandvegar sem tvöfalda á í grennd við Tröllabörn tilheyrir öðrum áfanga framkvæmda í landi Kópavogs sem verður gerður á síðari stigum.

Við framkvæmdir við þann hluta vegarins sem veita á nú framkvæmdaleyfi fyrir verður lögð áhersla á að halda raski á jarðmyndunum á borð við eldhraun og aðrar náttúruminjar í lágmarki. Að mati bæjarstjórnar er framkvæmdasvæðið þegar raskað, m.a. vegna lagningar núverandi Suðurlandsvegar. Breikkun vegarins kemur ekki til með að draga úr verndargildi jarðmyndana á svæðinu.

Við afgreiðslu á umsóknum um framkvæmdaleyfi fyrir síðari áföngum framkvæmda mun bæjarstjórn leggja áherslu á að þess verði gætt að raska ekki náttúruvættinu Tröllabörn.

3.2.6 Áhrif á vatnafar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu sé nægjanlega gerð grein fyrir vatnafari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og komi tvöföldun Suðurlandsvegar ekki til með að hafa veruleg áhrif á vatnafar óháð kostum.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að tvöföldun Suðurlandsvegar komi ekki til með að hafa veruleg áhrif á vatnafar enda stendur til að byggja breikkun vegarins við hlið núverandi veglínu að mestu og í svipaðri hæðarlegu.



3.2.7 Áhrif á gróður

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að eftir því sem framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar tvöföldunar Suðurlandvegjar verður breiðara því umfangsmeiri og neikvæðari verða áhrif framkvæmdarinnar á gróður, þar sem fjær veginum eru óraskaðri gróðursamfélög en nær honum. Þrátt fyrir að stórar og samfelldar mosabreiður muni raskast við gerð 2+2 vegar í víðu sniði, þá munu engar sjaldgæfar né friðaðar plöntur verða fyrir áhrifum tvöföldunarinnar. Því telur Skipulagsstofnun að áhrif 2+2 vegar með mislægum vegamótum á gróður verði talsverð neikvæð.

Skipulagsstofnun ítrekar að frágangur verði unnin í samráði við Umhverfisstofnun, bæði hvað varðar frágang á eldri röskun við vegstæðið og þeirrar sem mun hljóttast af tvöfölduninni. Skipulagsstofnun telur mjög mikilvægt óháð þeim kosti sem verður fyrir valinu, að þess sé gætt að við framkvæmdirnar verði sérstaklega hugað að því að valda sem minnstu raski á viðkvæmum gróðri áhrifasvæðisins.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála áliti Skipulagsstofnunar um að 2+2 vegur með víðu sniði muni hafa mest áhrif á gróður. Miðað við vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar³ er áhrifasvæðið fyrst og fremst hraungambraivist. Vistgerðinni yfirleitt allvel gróin og er heildarþekja mosa mikil. Þekja æðplantna er talsverð og fléttuþekja veruleg. Gróður er að jafnaði mjög lágvaxinn. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun er verndargildi vistgerðarinnar lágt. Að mati bæjarstjórnar eru því áhrif á gróðurfar metin lítil á þeim kafla sem um er rætt.

3.2.8 Áhrif á fugla

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að lagning 2+2 vegar með mislægum vegamótum, sem nær yfir um 75 ha lands og raskar þar með víðfeðmum búsvæðum fugla á válista og ábygðartegunda muni hafa verulega neikvæð áhrif á fugla. Draga má úr neikvæðum áhrifum með því að halda framkvæmdum í lágmarki á varptíma.

Afstaða bæjarstjórnar

Ekki er fjallað sérstaklega um fuglalíf á umræddum vegkafla sem sótt er leyfi fyrir. Samkvæmt fuglaskýrslu sem fylgdi matsskýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að mestur hluti vegstæðisins er þurrlendur, þar skiptast á mosagróin hraun, bæði apal- og helluhraun, mólendi og raskað land. Fuglar utan Hólmsár og Fóelluvatna eru aðallega mófuglar. Þar sem framkvæmdir eru nokkuð fyrir utan Fóelluvötn og Hólmsá, þá telur bæjarstjórn að framkvæmdir komi ekki til með að hafa veruleg neikvæð áhrif á fuglalíf.

3.2.9 Áhrif á vatnalíf

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að mögulegar mótvægisáðgerðir til þess að koma í veg fyrir mengun vatnsbóla skili sér jafnframt í því að minni líkur verði á neikvæðum áhrifum á vatnalíf.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á Suðurlandsvegi séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á vatnalíf á rekstartíma. Skipulagsstofnun bendir framkvæmdaraðila á að haga framkvæmdum m.a. tímasetningu framkvæmda næst mikilvægum vatnasvæðum á þann hátt að þær hafi sem minnst áhrif vatnalíf og hafi samráð við sérfræðinga á því sviði.

³ [Vefsíða Náttúrufræðistofnunar](#), sótt 27. apríl 2022.



Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að á framkvæmdartíma muni líkur á neikvæðum áhrifum á vatnalíf aukast í samræmi við umfang framkvæmda og einnig að mótvægisáðgerðir minnki líkur á þeim áhrifum. Þær eru m.a. að tryggja fullnægjandi ástand vinnutækja og að verktakar þekki viðbrögð við óhappi á vatnsverndarsvæðum. Slíkar áðgerðir eru einnig til þess fallnar að koma í veg fyrir mengun sem gæti haft áhrif á vatnalíf í nágrenni vegarins.

3.2.10 Áhrif á fornminjar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni raska ýmsum minjum og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin hafi talsverð neikvæð áhrif á fornminjar og leggur áherslu á að Vegagerðin þurfi að fara eftir tilmælum Fornleifaverndar ríkisins [nú Minjastofnunar] hvað varðar umgengni um þær fornminjar sem greint er frá í matsskýrslu. Stofnunin telur mikilvægt að athafnasvæði, sem ná til svæðis utan eiginlegs framkvæmdasvæðis og fornleifaskráning náði því ekki til, verði ekki staðsett nálægt fornminjum.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemd við álit Skipulagsstofnunar um áhrif framkvæmda á fornminjar. Nærri framkvæmdum eru merktar fornminjar. Bæjarstjórn leggur áherslu á að verktaki fari eftir tilmælum hvað varðar umgengni um fornminjar sem eru í nágrenninu um að þær verði merktar, til að tryggja að þær verði ekki fyrir raski.

3.2.11 Áhrif á landslag og sjónrænir þættir

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að núverandi Suðurlandsvegur hafi áhrif á ásýnd þess landslags sem hann liggur um. Breikkun vegarins sem felur í sér gerð 2+1 vegar eða 2+2 vegar í þröngu sniði mun ekki valda verulega neikvæðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag miðað við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun telur hinsvegar að breikkun nýs vegar um tvær akreinar með miðdeili á allri vegleiðinni muni óhjákvæmilega hafa töluverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og neikvæðar ásýndarbreytingar enda vegurinn allur mun meira mannvirki en núverandi vegur. Lagning 2+2 vegar, einkum þar sem gert er ráð fyrir mislægum vegamótum og hækkun vegarins á tveimur köflum muni valda verulega neikvæðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag. Sérstaklega eigi þetta við vegamót og hljóðvarnir við Geirland.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að 2+2 vegur hafi talsverð sjónræn áhrif. Engu að síður er liggur tveggja akreina Suðurlandsvegur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þá er ekki gert ráð fyrir mislægum vegamótum á umræddum vegkafli.



4 Forsendur ákvörðunar

4.1 Lagaleg umgjörð

Við ákvörðun um leyfisveitingu og valkosti, var m.a. litið til eftirfarandi ákvæða í lögum um náttúruvernd, lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslög og vegalög.

Verndarmarkmið og ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, m.a.:

- Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, sérstaklega 2. og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar og landslag.
- Öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.
- Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar.
- Forðast ber að raska ákveðnum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til.

Markmiða þágildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m.a.:

- Að matsferlinu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggja fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Markmið skipulagslaga nr. 123/2010, m.a.:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Markmið laga um menningarminjar nr. 80/2012

- Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

4.2 Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulags Kópavogsbæjar. Í kafla 5.1.2 er fjallað um Suðurlandsveg. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir tvöföldun vegarins. Gert er ráð fyrir að gatnamót Suðurlandsvegar að/frá Waldorfskóla og nágrenni verði lagfærð. Til að tryggja umferðaröryggi eru hugmyndir um að leyfa ekki vinstri beygjur þar.

Tröllabörn, sem er friðlýst náttúruvætti, er í nágrenni framkvæmdasvæðis en utan áhrifasvæðis.

Með samþykkt sinni á stefnu Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040, hefur bæjarstjórn sett fram skýra stefnu um stofnvegi í sveitarfélaginu.

4.3 Náttúruvernd

Friðlýst svæði, Tröllabörn, eru í nágrenni framkvæmdasvæðis en utan áhrifasvæði framkvæmda.



4.3.1 Grenndarkynning leyfis

Skipulagsráð hefur grenndarkynnt umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi. Grenndarkynning stóð yfir frá 18. ágúst 2021 til 17. september 2021. Alls bárust 5 athugasemdir á kynningartíma.

Í afgreiðslu málsins var tilgreint að ekki hefðu komið fram forsendur til að breyta legu eða útfærslu framkvæmda.

4.4 Önnur leyfi

Fyrir liggur leyfi Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

4.5 Samþykki landeigenda

Umrædd framkvæmd er innan þjóðlendna. Fyrir liggur samþykki forsætisráðuneytisins, dags. 6.7.2021, á fyrirhugaðri nýtingu á landinu. Lögð er áhersla á að sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

4.6 Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum

Afgreiðsla á umsókn Vegagerðarinnar byggir m.a. á því að verklag sem komi fram í matsskýrslu, álitu Skipulagsstofnunar og umsókn um framkvæmdaleyfi verði fylgt.